

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1966

18. febrúar 1966.

129

Nr. 32.

AUGLÝSING

um breytingar á reglum nr. 49 10. marz 1965, um starfsemi Íslenzkrar málnefndar.

2. gr. reglnanna orðist þannig: „Í Íslenkri málnefnd skulu eiga sæti 3 aðalmenn og 1 varamaður, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu 2 aðalmenn vera kennarar í íslenzkum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir háskólans. A. m. k. einn aðalmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenzkri málfræði sem sérgrein. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár. Nefndin kys sér formann.“

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. febrúar 1966.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

31/12 '65.

BÆJANÖFN

Nr. 33.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1965:

Borgarfjarðarsýsla.

Bali, nýbýli í landi Hamra, Reykholtisdalshreppi.

Snæfellsnessýsla.

Stekkjarvellir, nýbýli í landi Gaular, Staðarsveit.

Strandasýsla.

Broddadalsá I, eignarhluti úr skiptu landi jarðarinnar Broddadalsár, Fells-hreppi.

Broddadalsá II, eignarhluti úr skiptu landi jarðarinnar Broddadalsár, Fells-hreppi.

Hvítahlíð I, nýbýli í landi Hvítahlíðar, Óspakseyrarhreppi.

Hvítahlíð II, nýbýli í landi Hvítahlíðar, Óspakseyrarhreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla.

Grundarás, nýbýli í landi Litlutungu, Fremri-Torfustaðahreppi.

B 16

Austur-Húnavatnssýsla.

Hurðarbak II, nýbýli í landi Hurðarbaks, Torfalækjarhreppi.
Laxabrekka, nýbýli í landi Sauðaness, Torfalækjarhreppi.
Mánafoos, nýbýli í landi Sauðaness, Torfalækjarhreppi.

Eyjafjarðarsýsla.

Árhvammur, nýbýli í landi Auðna, Öxnadalshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla.

Laugaberg, iðnaðarbýli í landi Stóruleuga, Reykdælahreppi.
Staðarfell, nýbýli (prestssetur) í landi Fremstafells, Ljósavatnshreppi.
Vaðlafell, iðnaðarbýli í landi Veigastaða I, Svalbarðsstrandarhreppi.

Norður-Þingeyjarsýsla.

Nýhöfn II, nýbýli í landi Nýhafnar, Presthólahreppi.

Norður-Múlasýsla.

Breiðamörk II, nýbýli í landi Breiðamerkur, Hlíðarhreppi.

Suður-Múlasýsla.

Engihlið, nýbýli í landi Tóarsels, Breiðdalshreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla.

Brautarholt, nýbýli í landi Hvamms, Skaftártunguhreppi.

Rangárvallasýsla.

Fosstún, iðnaðarbýli í landi Ytriskóga, Austur-Eyjafjallahreppi.
Sigtún, nýbýli í landi Hávarðarkots, Djúpárhreppi.

Árnessýsla.

Gýgjarhólskot II, nýbýli í landi Gýgjarhólskots, Biskupstungnahreppi.
Hrisholt, nýbýli í landi Drumboddsstaða II, Biskupstungnahreppi.
Stuðlar, nýbýli í landi Árbæjar I, Ölfushreppi.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1965.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

BRÉF

fjármálaráðuneytisins til tryggingarfélaganna, dags. 25. janúar 1966.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að áhættulíftryggingar, þ. e. líftryggingar, þar sem útborgun tryggingarfjár á sér aðeins stað við dauða hins tryggða innan tiltekins tíma, þó ekki eftir, að hann nær 65 ára aldri, skuli stimplast með 8% af fyrsta árs iðgjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1966.

F. h. r.

Kristján Thorlacius.

Höskuldur Jónsson.